

## Fylgiskjal 5

B.t. Helgu Aðalgeirs dóttur.

Silfrastöðu 3.dec,2000

Efni. Athugasemdir við tillögu að matsáætlun um nýjan veg í Norðurárdal.

I þessu bréfi er einkum fjallað um vegstæði fyrir landi Silfrastaða.

1. Frá sjónarhlóli ábúenda er valkostur b. blá lína, besti kosturinn a.m.k. fyrir landi Silfrastaða.
2. Gert verði ráð fyrir reiðvegi samhliða nýjum vegi svo sem er fyrir neðan Silfrastaði í dag. Á Silfrastöðum er stunduð nytjaskógrækt á bújörðum samkvæmt samningi við Norðurlandsskóga og því væri mjög slæmt ef skógræktarsvæðið væri klofið í sundur með því að nota núverandi veg sem reið og rekstrarleið..  
Það yrði að vera girðing beggja vegna reiðleiðar með tilheyrandi kostnaði og óljóst um viðhald, auk þessmyndu tapast a.m.k. 30 ha. og fram kæmu allt að 14 km jaðaráhrif.  
Einnig má benda á að á þessum kafla er mun mynni umferð reiðmanna en á leiðinni Blönduhlíð, Kjálki og frá seinni hluta september og fram á vor liggur hún niðri.
3. Á sínum tíma var Norðuránni veitt upp að landi Silfrastaða af vegagerðinni til þess að verja veginn fram í Egilsá, síðan hefur áin brotið mikið land og er enn að brjóta. Þetta landbrot þarf að stöðva og það mætti gera með því að velja þessa veglínus.
4. Verði þessi leið valin og varnargarðar með svipuðu sniði og er nú neðan Kjálkavegamóta telja ábúendur það til bóta með tilliti til veiði þegar tímar líða.
5. Verð valkostur 5. fyrir valinu þá yrði brú á Norðurá við Kjálkavegamót, á eða sunnan miðlinu eyranna og þannig gengið frá, að ekki yrði um meira landbrot að ræða fyrir landi Silfrastað, einnig yrði þá reið og rekstrarleið sunnan Norðurár.

Jóhann es Jóhannesson.  
þóra Jóhannesdóttir